

Samtök sveitarfélaga og
atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra
Eyþór Björnsson
Hafnarstræti 91
600 Akureyri

Reykjavík, 12.05.2020

MFRI: 2020-05-0139

Efni: Fyrirspurn um burðarþolsmælingu og áhættumat í Eyjafirði

Vísað er til erindis Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra dags. 12. maí 2020, þar sem óskað er eftir upplýsingum um burðarþolsmælingu og áhættumat í Eyjafirði.

Óskað var eftir upplýsingum um stöðu eftirfarandi mála.

1. Hefur mæling á burðarþoli vegna fiskeldis farið fram í Eyjafirði?
 - a. Ef já, getur SSNE fengið aðgang að niðurstöðum burðarþolsmælinga?
 - b. Ef nei, hefur ráðherra óskað eftir því að mæling á burðarþoli fari fram?
2. Hefur áhættumat vegna fiskeldis í Eyjafirði verið framkvæmt?
 - a. Ef já, getur SSNE fengið aðgang að niðurstöðum áhættumatsins?
 - b. Ef nei, hefur ráðherra óskað eftir því að áhættumat fari fram?

Svör Hafrannsóknastofnunar eru eftirfarandi:

Rannsóknir á straumum og sjófræði hafa farið fram í Eyjafirði á undanförunum misserum til gagnaöflunar vegna fyrirhugaðs mats á burðarþoli hans m.t.t. fiskeldis. Lagabreyting á árinu 2019 fól í sér að mat á burðarþoli yrði ekki gert nema að beiðni ráðherra. Slík beiðni hefur ekki verið gerð og því ekki til mat á burðarþoli Eyjafjarðar.

Áhættumat fyrir erfðablöndun vegna fiskeldis er gert í kjölfar burðarþolsmats. Því liggur ekki fyrir áhættumat erfðablöndunar fyrir Eyjafjörð.

F.h. Hafrannsóknastofnunar



Rakel Guðmundsdóttir